

68

*Athugasemdir :*

Landsbankinn átti 30. júní 1894:

1. Skuldabrjef fyrir lánum :		
a. Fasteignarveðsskuldabrjef . . . . .	754,833	31
b. Sjálfsskuldarábyrgðarskuldabrjef . . . . .	153,093	67
c. Handveðsskuldabrjef . . . . .	61,123	00
d. Skuldabrjef fyrir lánum gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl. . . . .	274	24
		<hr/>
		993,009 00
2. Kgl. ríkisskuldabrjef, hljóðandi upp á 237000 kr. eptir gang- verði 31. desbr. f. á . . . . .	223,372	50
3. Skuldabrjef Reykjavíkur kaupstaðar . . . . .	1,500	00
4. Erlend skuldabrjef . . . . .	1,000	00
5. Vixlar . . . . .	64,472	70
6. Ávisanir . . . . .	2,739	00
7. Fasteignir lagðar bankanum út fyrir lánum að upphæð . . .	750	00
8. Hjá Landmandsbankanum . . . . .	26,406	35
9. Akkreditiv skuld . . . . .	502	50
10. Skuldir út af bráðabirgðagreiðslum . . . . .	25	33
11. Í sjóði . . . . .	103,724	04
		<hr/>
		1,417,501 42
Seðlaskuld bankans til landssjóðs var 30. júní 1894 . . . . .	500,000	00
Innstæðufje á hlaupareikning s. d. . . . .	116,372	88
Innstæðufje með sparisjóðskjörum s. d. . . . .	640,738	76
Varasjóður bankans s. d. . . . .	114,121	22
Innheimt fje í geymslu . . . . .	184	56
Varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur 30. júní 1894 . . . . .	16,232	80
Ýmsar tekjur sem enn eru eigi lagðar við varasjóð . . . . .	29,851	20
		<hr/>
		1,417,501 42

Stjórn landsbankans 20. júlí 1894.

*Tr. Gunnarsson. Eiríkur Briem. B. Kristjánsson.*

69

**Reglugjörð**

um grenjaleitir og refaeyðing í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Sjerhver hreppsnefnd skal annast um grenjaleitir og grenjavinnslu í heima- og afrjettarlöndum hrepps síns, og því í tæka tíð á hverju vori útnefna svo marga kunnuga og áreiðanlega menn, sem þörf er á, til þess að grenjaleit geti orðið, sem víðast sama dag; hver innanhreppsmaður er skyldur til þess starfa, ef forföll ekki banna, gegn sanngjarnri borgun.

## 2. gr.

Hreppsnefndin skal semja skrá yfir öll gren, sem eru í landeign hreppsins, hvar þau sjeu og hvernig á sig komin; á skrá þessa skal bæta þeim grenjum, er síðar kynnu að finnast eða eru óþekkt, þá er skráin fyrst er samín. Hver, sem til grenjaleita er sendur, skal hafa seðil frá hreppsnefndinni um, á hvaða grenjum hann skal leita í hvert skipti. Fyrsta grenjaleit skal framfara svo snemma, sem líkindi eru til, að refir sjeu lagstír í gren, og síðan svo opt, sem þurfa þykir eptir álití kunnugra manna og kringumstæðum, en þó aldrei sjaldnar en tvisvar sinnum; jafnan skulu 2 menn vera saman í grenjaleit, og ef unnt er, skotmaður með þeim að öllu útbúinn til grenjavinnslu.

Finnist refar á greni, má ekki yfirgefa það fyrr en skotmaður er kominn á það. Í afrjettar og heimalöndum, sem saman liggja (þótt ekki sjeu í sama hreppi), skulu grenjaleitir í hvert skipti framfara hinn sama dag.

## 3. gr.

Hreppsnefnd skal í tæka tíð ár hvert hafa ráðið áreiðanlega skotmenn til grenjavinnslu í landeign hreppsins, og má enginn skotmaður innanhrepps skorast undan því verki án gildra orsaka; einnig ræður hreppsnefndin vökumann, sem er vaxinn þeim starfa og skotmaður tekur gildan. Enginn má hafa með sjer hund á gren, eða gjöra nokkuð það, er fælt geti refi frá þeim, eða á annan hátt spillt fyrir genvinnslu.

## 4. gr.

Hreppsnefndin skal tilkynna hreppsbúum, áður en grenjaleitir byrja hverjir skotmenn sjeu ráðnir, og skal landráðandi, þegar gren finnst og skotmaður ekki er í leitinni, senda tafarlaust eptir honum, sem skyldur sje að hafa útbúnað allan og skotfæri í gildu standi; ef út af er brugðið, án þess gild forföll sjeu, varðar það sektum.

## 5. gr.

Ekki má skotmaður yfirgefa gren, eða fara heim af því, ef dýrin eru ekki bæði unnin, fyr en 4 sólarhringar eru líðnir frá hann kom á það, nema sjerstakar orsakir sjeu til þess. Vanræki skotmaður eða vökumaður visvitandi að einhverju leyti að vinna gren, og það verði vitnum fest, missa þeir kaup fyrir að hafa legið á greninu, og geta þess utan sætt sektum eptir málavöxtum.

## 6. gr.

Á vetrum skal hreppsnefndin í hverjum hreppi láta eittra fyrir refi á hentugustu stöðum í heimalöndum hreppsbúa og afrjettum. Til eitrunar skal jafnan hafa »strychnin«, og skal hreppsnefndaroddviti taka út eitru þetta með ráði hjeradslæknis, og segja fyrir um brúkun þess.

## 7. gr.

Nú finnst gren af ferðamönnum eða utansveitarmönnum, og skulu þeir þá tilkynna það þeim, sem landið tilheyrir, er grenið er í; fer að öllu leyti með það gren, eins og segir í 1. og 4. gr.

## 8. gr.

Hver, sem vinnur fullorðið dýr, á hverjum árstíma sem er, skal fá úr sveitarsjóði þess hrepps, er hann vann það í, 3 kr., og eiga þess utan sjálfur það, sem fjemætt er af því. Hver, sem slíka þókun vill fá, skal skyldur til að sanna fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd, að hann hafi til hennar unnið. Komi dýrbitir fyrir í sveitinni, skal hreppsnefndin sjá um, að þau dýr vinnist, sem því valda, svo fljótt, sem unnt er.

## 9. gr.

Enginn má ala upp yrðlinga, nema skotmaður með samráði við hreppsnefnd, þó ekki lengur en til miðs júlím., en ef yrðlingur er alinn lengur, eða af öðrum, eða sleppt, varðar það sektum allt að 100 kr.

## 10. gr.

Kostnað við eyðing refa í heimalöndum, á almenningum og afrjettum þeim, er sveitarfjelög eiga, skal greiða úr sveitarsjóði.

## 11. gr.

Borgun til skotmanns skal vera þessi, nema öðruvísi um semji:

a, dagpeningar fyrir hvern sólarhring frá því hann fer að heiman, og þar til hann kemur heim . . . . .	kr. 4,00
b, fyrir fyrra dýrið, sem vinnst við hvert gren . . . . .	— 3,00
c, — síðara dýrið . . . . .	— 5,00
d, — hvern yrðling . . . . .	— 0,50

en leggja skal hann sjer til fæði, reiðskjóta, skotfæri, byssu og hvölpaboga, en eitur leggja þeir til, sem kosta grenjavinnsluna.

Vökumaður skal hafa um sólarhringinn frá því hann fer heiman og heim 3 krónur, en leggja skal hann sjer allt til.

Annar kostnaður fer eptir samkomulagi við þá menn, er að einhverju leyti þjóna að grenjavinnslu eða eyðingu refa, eptir því, sem áður er sagt.

## 12. gr.

Hreppsnefndin skal hvetja unga menn, er með byssu fara, að temja sjer skotfimi, einkum þá, er líklegir eru til að verða dýraskyttur, og stuðla til þess, að þeir sjeu vökumenn með skotmönnum á grenjum.

## 13. gr.

Skýlt skal hverri hreppsnefnd fyrir nóvemberlok ár hvert að gefa sýslunefndinni skýrslu um grenjaleitir og grenjavinnslu og eyðing refa á annan hátt, um eitrun fyrir refi og árangur af henni, og ennfremur reikning yfir kostnað þann, er til refaeyðingar hefir gengið úr sveitarsjóði.

## 14. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 1—200 kr., sem renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

## 15. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenningum lögreglumál.

Amtsráðið í Norðuramtinu gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, sbr. lög 24. nóvbr. 1893 um breyting á 3. gr. nefndra laga, er hjer með staðfest og löggilt framanrituð reglugjörð um grenjaleitir og refaveiðar í Skagafjarðarsýslu, sem samin er af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. jan. 1895.

Amtsráð Norðuramtsins, 12. júlí 1894.

*Kl. Jónsson*  
settur.

*Ólafur Briem.*  
*B. G. Blöndal.*

*M. Sigurðsson.*

69

## Reglugjörð

70

fyrir Árnessýslu, um lækningu hunda af bandormum o. fl.

1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skal hreppstjóra falið að annast um lækningu hunda af bandormum.

2. gr.

Lækning allra hunda í sýslunni fer fram tvisvar á ári: í maímánuði og í nóvembermánuði. Á hvaða degi lækningin fer fram á hverjum bæ, ákveður hreppstjóri fyrir fram, og tilkynnir hlutaðeigendum.

3. gr.

Heimilt er hreppstjóra að skipta hreppnum í svo margar deildir, sem þörf er á, og setja áreiðanlegan mann í sinn stað til þess að framkvæma hundalækningar í hverri deild. Má enginn skorast undan þeim starfa, nema forföll valdi. Einnig er hreppstjóra heimilt, að skipa svo fyrir þar, sem það virðist haganlegt, að hundar frá fleiri bæjum komi saman á einn bæ til lækninga. Að því leyti sem hann getur því við komið, gjörir hann allar ráðstafanir þessu máli viðvikjandi á fundi og með samráði við hreppsþúa þá, er hlut eiga að máli. Nú hefur hann eigi getað náð samráði við alla þá, er æskilegt hefði verið, og ber samt að hlýða fyrirskipunum hans í þeim efnum.

4. gr.

Hverjum hundi skal gefa inn 5 grömm af arekaduþti, og skulu lækningamenn, að því er inngjöfina snertir og meðferð á hundunum á undan inngjöfinni og á meðan meðalið er að verka, haga sjer nákvæmlega eptir fyrirsögn þeirri um inngjöf meðalsins<sup>1</sup>, sem látin verður fylgja þessari reglugjörð.

Inngjöf arekaduþts.

1). Í sólarhring á að loka hundinn inni, og má hann alls engan mat eða drykk fá á meðan; síðan skal gefa hundinum inn 5 grömm af duþtinu, hræru út í graut, slátri eða